# Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020

Fjarðargata 42, Þingeyri - Óveruleg breyting

ÍSAFJARÐARBÆR



Staðfestur þéttbýlisuppdráttur aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020







Breyting á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020




Mælikvarði 1:10.000

Unnið fyrir Ísafjarðarbæ 14.3.2023

**Greinargerð**

Sveitarfélagið Ísafjarðarbær leggur til að breyting verði gerð á Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér að breyta landnotkun athafnasvæði í verslunar- og þjónustusvæði.

**Markmið**

Verslunar- og þjónustusvæðið sem um ræðir er innan íbúðarsvæðis og með breytingunni munu möguleikar á fjölbreyttri atvinnustarfsemi, t.d. gistiheimili eða veitingasölu auka fjölbreytni og styrkja menningarlíf sveitarfélagsins. Húsið við Fjarðargötu 42 er gamalt áhaldahús og við þessa breytingu mun umferð véla og tækja verða nánast úr sögunni.

**Umhverfisáhrif**

Ekki er talið að breytingin hafi neikvæð umhverfisáhrif umfram það sem orðið er.

**Breyting**

Breyting er gerð á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020 af Þingeyri þannig að landnotkun lóðar nr. 42 við Fjarðargötu (landeignarnúmer L140801) breytist úr ***„athafnarsvæði“*** í ***„verslunar- og þjónustusvæði“***.

Breyting á texta í greinargerð aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 felst í að í töflu 8.6. „Atvinnusvæði í sveitarfélaginu“ á bls. 127, þar sem nú segir

| Svæði | Ákvæði |
|---|---|
| A3 – Athafnasvæði við á Þingeyri<br>Áhaldahús / 0,1 ha. | |

breytist í

| Svæði | Ákvæði |
|---|---|
| V7 – Verslunar- og þjónustusvæði á Þingeyri / 0,1 ha. | Svigrúm til að reka skrifstofur eða sýningarrými fyrir ferðamenn eða gististað í fl. 4, veitingastað í fl. 2 skv. 3. og 4. gr. laga um gisti- og veitingastaði nr. 85/2007 |

**Samþykktir**

Aðalskipulagsbreyting þessi hefur fengið málsmeðferð skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í skipulagsnefnd þann 23.3.'23 og í bæjarstjórn þann 28.3.'23.

f.h. Ísafjarðarbæjar

ÍSAFJARÐARBÆR BÆJARSTJÓRI

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann ____________